



17. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

mánudagur 3. júní 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), Ágúst Angantýsson (ÁA), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Jón Bender (JB).

Í fjarfundarbúnaði: Birna Lárusdóttir varaformaður (BL)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu: Lárus Blöndal annar varaformaður (LB) og Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK)

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð hefur verið birt á kki.is.

2. Mótahald

Viljayfirlýsing átta félaga í Subway deild kvenna barst 30. maí sl. Félögin óska eftir því að þegar búið verður að skipta deildinni í A og B hluta að spila einfalda umferð, það er fjóra leiki í stað tvöfaldrar umferðar og átta leikja. Keppnisfyrirkomulagið sem var spilað eftir á nýliðnu keppnistímabili var fyrsta árið sem það var spilað en það var samþykkt með góðum meirihluta á þingi fyrir rúmu ári. Gera þarf breytingar á keppnisdagatali og gæti það haft áhrif á aðrar deildir. Hafa þarf samband við þau félög sem ekki voru með í viljayfirlýsingunni til að kanna hug þeirra. Góðar umræður og samþykkt að verða við beiðni félaganna. HSJ klárar málið með mótastjóra.

Fjölirnir hefur tilkynnt að félagið muni ekki senda lið sitt í Subway deild kvenna en vilja fá að vera með í 1.d.kv. Mótanefnd tók málið fyrir, bauð Tindastól sætið sem hefur ákveðið að taka það og spila því í Subway deild kvenna á næsta tímabili. Þar sem Próttur Vogar dró lið sitt úr 1.d.karla þegar komið var í úrslitakeppnina í vor vantaði eitt lið þar. KFG mun taka sæti þeirra í 1.d.ka eftir boð mótanefndar.

3. Fjármál

Farið yfir uppgjör janúar til apríl. Það er alveg ljóst að á næstu mánuðum þurfa að koma inn tekjur til bæta upp fyrir það tap sem varð á árinu 2023.

Tvö félög fengu frest til og með 7. júní að ganga frá greiðslu reikninga til að hægt sé að móttaka skráningu þeirra á Íslandsmót í tveim efstu deildum karla og kvenna á næsta tímabili.

4. Vinnufundur stjórnar 8. júní

Laugardaginn 8. júní verður vinnufundur stjórnar, þrjú mál verða tekin fyrir; framtíðarsýn, lög og reglur körfuknattleikspings og leyfiskerfi.

5. Önnur mál/til upplýsinga

Farið yfir nokkur mál til upplýsinga

Þeir Kristinn Geir Pálsson og Snorri Örn Arnaldsson létu af stöfum á skrifstofunni í maí og eru þeim þökkuð vel unnin störf fyrir KKÍ og körfuknattleikshreyfinguna. Elísa Björg Þorsteinsdóttir og Arnar Guðjónsson hafa tekið til starfa og eru þau boðin velkomin.

Næsti fundur miðvikudaginn 26. júní kl. 12:00.

Fundi slitið 19:25